



Víkurlax ehf
Byggðavegi 111
600 Akureyri

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 15. maí 2020
Tilv.: UMH20040092/8.14

Vísað er til erindis yðar frá 26. apríl sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi hvað varðar gildistíma starfsleyfis fyrir starfsemi Víkurlax ehf. á meðan unnið er að nýju starfsleyfi.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Matvælastofnun og Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 11. maí sl. Þar kemur fram að starfsleyfi Víkurlax ehf. sé útrunnið og vinna við gerð nýs starfsleyfis sé í gangi hjá stofnuninni. Umhverfisstofnun hafi þann 11. nóvember 2019 framlengt gildistíma starfsleyfis Víkurlax ehf. til 10. janúar 2020 þar sem fullnægjandi umsókn hafi borist Umhverfisstofnun. Þar sem gerð nýs starfsleyfis sé enn í gangi hjá stofnuninni hafi Víkurlax ehf. óskað eftir undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi fyrirtækisins. Stofnunin geri ekki athugasemd við að tímabundin undanþága verði veitt í þessu tilviki á meðan vinnsla starfsleyfis fari fram að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Umsögn Matvælastofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 13. maí 2020. Þar kemur fram að núgildandi rekstrarleyfi Víkurlax ehf. hafi verið gefið út 24. janúar 2012 og heimili allt að 20 tonna framleiðslu á ári á bleikju, laxi og regnbogasilungi við Ystu-Vík í Eyjafirði og gildi fram í janúar 2022. Fyrirtækið hafi ekki sótt um endurnýjun á rekstrarleyfi en umsókn um slíkt þurfi

að berast stofnuninni a.m.k. sex mánuðum áður en gildandi rekstrarleyfi renni út. Matvælastofnun telji að bregðast eigi á jákvæðan hátt við beiðninni.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar, skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfi eru uppfyllt þar sem fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi hefur borist Umhverfisstofnun og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Víkurlax ehf. kt. 510394-2759 tímabundna undanþágu frá starfsleyfi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 15. janúar 2007 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. október 2020.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:
Umhverfisstofnun
Matvælastofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra